

## Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Upp frá botni Kolgrafafjarðar gengur allstór dalur, sem kallaður er Eyrarbotn. Er hann nefndur svo sökum þess að Hallbjarnareyri á land nokkurt í dalnum vestanverðum. Skammt fyrir utan fjarðarbotninn gengur annar dalur suðvestur í fjöllin, heitir hann **Hrafnkelsstaðabotn** (1). Norðan við mynni þess dals er eyðibýli, sem hét Hrafnkelsstaðir. Stóð býli það við fjörðinn. Jörð þessi er komin í auðn fyrir nær 30 árum, en landið notað sem afréttur. Milli dalanna (botnanna) gengur fram allhátt fjall, sem **Gunnólfsfell** (2) heitir, gengur það því nær að firðinum. Suðaustan við Gunnólfsfell kemur smáá ofan úr fjöllunum, heitir hún **Austurá** (3). Fellur hún ofan dal, sem **Austurárdalur** (4) heitir. Hlíðin sunnan við dalinn er há og brött, en grasivaxin, heitir hún **Hólahlíð** (5). Ofan hlíðina fellur gil, er **Hólahlíðargil** (6) heitir. Upp af Hólahlíð eru **Hólahlíðareggjar** (7). Sunnan við Hólahlíðina er gil, sem heitir **Selhólgil** (8). Að því nær land það er Hallbjarnareyri á í dalnum. Fyrir austan Selhólagil eru dalkvosir, sem ganga suður í fjöllin, upp úr botninum, heita þar **Hestadalir** (9). Í þeim eru hæðir, sem heita **Bungur** (10). Ofarlega í Hestadölunum er hóll, sem heitir **Gatnhóll** (11). Á háfjallinu (fjallseggjunum) er hár kletthnúkur, sem heitir **Klakkur** (12). (Af sjómönnum í Eyrarplássi kallaður **Leiðarhnúkur** (13)). Austan við hann er skarð, sem heitir **Slitvindastaðaskarð** (14) – er það oft farið suður í Staðarsveit af gangandi mönnum, en lítt fært með hesta. Niður undan Hestadölunum, niður við sléttlendið, er stór hólbunga, austan við Selhólgil, heitir hann **Selhóll** (15). Í Hestadölunum kemur smáá, er **Slýá** (16) heitir. Fellur hún austan til í botn Kolgrafafjarðar. Hjá Selhól fellur Slýá í allmiklum gljúfrum. Fyrir austan Slýá eru allmiklar hæðabungur upp af sléttlendinu, eru í þeim margar töðugresisbrekkur og lautir, en klettóttir hæðakambar á milli; ofan þær falla margir smálækir. Hæðir þessar heita **Hrauntungur** (17). Í Hrauntungunum ofarlega eru tvær tjarnir, úr þeim fellur lækur er fellur í Slýá. Upp af Hrauntungunum er dálítið

sléttlendi, sem kallað er **Flatir** (18). Fyrir austan Hrauntungurnar er mjór grasivaxinn, en mýrlundur dalur, sem **Fífudalur** (19) heitir, eftir honum fellur lækur er rennur í Slýá eftir að **Hálsgil** (20) er fallið í hann.

Austur og upp af Fífudal er mjög stór grasigróin laut sem nær upp að mjög háum og hrikalegum hamri, er **Axarhamar** (21) heitir; hin áðurnefnda laut er kölluð **Ker** (22). Frá Axarhamri norðanverðum gengur fjallaarmur norður á nesið, sem er á milli Kolgrafafjarðar og Hraunsfjarðar, er hann tengdur aðalfjallgarðinn með allháum hálsi, er **Tröllaháls** (23) heitir. Er hann á milli Axarhamars og fjallsgnípu, mjög hárrar, er **Gjafi** (24) heitir. Ofan af hálsinum að vestan fellur gil, er Hálsgil heitir. Fellur það í læk þann, er kemur úr Fífudal. Yfir Tröllaháls liggur þjóðvegurinn milli Eyrarsveitar og Helgafellssveitar.

Nokkru fyrir norðan Hálsgilið, norður með **Gjafahlíðinni** (25), stóð áður býli, er **Kolgrafasel** (26) hét, en er komið í eyði fyrir um 35 árum.

Á sléttlendinu í dalbotninum vestur við Hólahlíðina heitir **Græneyri** (27), en milli Slýár og Hólahlíðargils heitir **Breiðaeypri** (28).

Flóinn fyrir norðan Kolgrafasel heitir **Selflói** (29). Inn úr eystra Kolgrafafjarðarbotni gengur vogur, er **Hlöðuvogur** (30) heitir. Í hann fellur Slýá. Sunnan við Hlöðuvog er holt, er **Hlöðuvogsholt** (31) heitir. Landamerki á milli Kolgrafasels og Kolgrafa voru: sjónhending úr Hlöðuvogsbotni í gil, er kemur ofan hlíðina og **Svarthamarsgil** (32) heitir. Hlíðin fyrir sunnan gilið heitir **Selhlíð** (33), en norðan við það er **Svarthamarshlíð** (34).

### **Eyðibýlið Hrafnkelsstaðir í Eyrarsveit**

Bærinn hefur staðið innarlega við Kolgrafafjörð vestanverðan. Þjóðvegurinn liggur ofarlega um túnið. Fyrir ofan veginn heitir **Húsavöllur** (35). Norðan við túnið rennur lækur, sem nú er ókunnugt um nafn á, en sunnan við það fellur lækur, sem kallaður er **Bæjarlækur** (36). Fyrir neðan veginn er **Bæjarvöllur** (37), í honum eru tóftir bæjarins.

Upp undir túninu eru neðstu brekkur hlíðarinnar kallaðar **Fögrubrekkur** (38). Nokkru framar (sunnar) kemur gil ofan hlíðina, er **Stekkjargil** (39) heitir. Fyrir framan gilið eru holt og fyrir framan þau er graslaut, sem heitir **Stekkjarlág** (40). Fyrir framan

Stekkjjarlág eru nokkur holt, það syðsta þeirra heitir **Háaholt** (41). Fyrir ofan Háaholt er stór graslaut í hlíðinni, er heitir **Kúalaut** (42).

Nokkru sunnar í hlíðinni er gil, er **Sandgil** (43) heitir, fyrir austan það er allhár hryggur, er **Sandhryggur** (44) heitir. Fyrir innan hann er klettagil mikið, sem heitir **Illagil** (45).

Frá Illagili eru hlíðar fyrir botni dalsins, sem heita **Pverhlíðar** (46) - þær eru víða grasivaxnar. Austarlega upp af Hrafnkelsstaðabotni liggja dalir tveir, er heita

**Grenjadalir** (47). Austan við dalina er klettabelti, er nær austur að á, er fellur ofan í Hrafnkelsstaðabotn og **Hrafnsá** (48) heitir; þar sem áin fellur ofan hlíðina eru í henni fossar, er **Hrafnafossar** (49) heita (eða **Hrafnsfossar** (50)). Þar fyrir austan gengur fram hátt fell, sem heitir Gunnólfsfell (sjá áður); sunnan við Gunnólfsfell, milli þess og aðalfjallgarðsins, er skarð, er **Sauðaskarð** (51) heitir. Milli Gunnólfsfells og Hrafnkelsstaða gengur vik eða vík allbreið vestur úr firðinum, upp frá henni er Hrafnkelsstaðabotn.

## Stafrófsskrá örnefna

Austurá 3	Slitvindastaðaskarð 14
Austurárdalur 4	Slýá 16
Axarhamar 21	Stekkjargil 39
Breiðæyri 28	Stekkjarlág 40
Bungur 10	Svarthamarsgil 32
Bæjarlækur 36	Svarthamarshlíð 34
Bæjarvöllur 37	Tröllaháls 23
Fífudalur 19	Þverhlíðar 46
Flatir 18	
Fögrubrekkur 38	
Gatnhóll 11	
Gjafahlíð 25	
Gjafi 24	
Grenjadalir 47	
Græneyri 27	
Gunnólfsfell 2	
Háaholt 41	
Hálsgil 20	
Hestadalir 9	
Hlöðuvogsholt 31	
Hlöðuvogur 30	
Hólahlíð 5	
Hólahlíðareggjar 7	
Hólahlíðargil 6	
Hrafnafossar 49=50	
Hrafnkelsstaðabotn 1	
Hrafnsá 48	
Hrafnsfossar 50=49	
Hrauntungur 17	
Húsavöllur 35	
Illagil 45	
Ker 22	
Klakkur 12=13	
Kolgrafasel 26	
Kúalaut 42	
Leiðarhnúkur 13=12	
Sandgil 43	
Sandhryggur 44	
Sauðaskarð 51	
Selfló 29	
Selhlíð 33	
Selhóll 15	
Selhólsgil 8	